


Víkurá 1997

Tumi Tómasson

Hólum, maí 1998

VMST-N/98011



Veiðimálastofnun
Norðurlandsdeild

Hólum í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur
Sími: 453 6599
Fax: 453 6694

Víkurá 1997

Inngangur

Seiðastofnar Víkurár voru kannaðir með rafveiðum 21/7 1997. Slík athugun var síðast gerð 22/8 1995. Rafveitt var á 9 stöðum, sem voru þeir sömu eða svipaðir staðir og rafveitt var á síðast. Staðirnir voru upphaflega valdir með það í huga að veiði á þeim gæfi sem best heildaryfirlit um dreifingu, þéttleika og vöxt mismunandi árganga laxaseiða. Með því að veiða á því sem næst sömu stöðum fæst einnig samanburður á milli ára, en stærðardreifing og þéttleiki laxaseiða ræðst að töluverðu leyti af botngerð, straumlagi og hitafari.

Auk rafveiðanna voru greind hreistursýni af 17 löxum veiddum í Víkurá sumarið 1997. Með greiningu slíkra sýna fæst vitneskja um vöxt og dvalartíma í ferskvatni og í sjó, auk þess sem sjá má hvort laxinn hafi hrygnt áður.

Veiðin 1997

Skráð veiði í Víkurá sumarið 1997 var um 24 bleikjur og 54 laxar. Þetta er heldur betri laxveiði en árið á undan (43 laxar 1996), en þó vel undir meðallagi. Á árunum 1975-1997 var meðalveiðin tæplega 80 laxar. Á þessu tímabili varð veiðin mest 219 laxar árið 1978 og fór yfir 100 laxa fjögur ár í röð, frá 1978-1981. Þess utan hefur veiðin einungis náð 100 löxum einu sinni (1986) og minnst varð hún 20 laxar árið 1996.

Laxveiðin sumarið 1997 skiptist gróflega þannig að 34 voru smálaxar, þ.e. lax sem er að koma til hrygningar eftir eins árs dvöl í sjó, og 20 stórlaxar, þ.e. laxar sem dvalið hafa tvö ár í sjó. Af 17 hreistursýnum fékkst ekkert nothæft hreistur af tveimur sýnum af smálöxum og reyndar var áberandi hve fá hreistur höfðu verið tekin af hverjum laxi, oft ekki nema 3-5 hreisturplötur. Best væri að fá sýni með um 20-30 hreistur af hverjum laxi.

Niðurstöður aldursgreiningar hreistursýna eru settar fram í Töflu 1.

Tafla 1. Aldur laxa við sjógöngu samkvæmt greiningu hreistursýna úr Víkurá 1997. Lax af sleppiuppruna er auðkenndur “ss” og úr náttúrklaki “n”.

Ferskvatnsaldur (ár og uppruni)	Smálax (fjöldi)	Stórlax (fjöldi)
3+ ss	2	-
3+ n	1	1
4+ n	3	4
5+ n	2	2
Samtals	8	7

Tveir smálaxar af 8 greinast með 3 ára ferskvatnsaldur, en vaxtarmynstrið bendir til þess að þeir séu af sleppiuppruna, þ.e. af seiðum sem sleppt var sumarið 1993. Samkvæmt hlutfalli smálaxa af sleppiuppruna í sýnunum má gera ráð fyrir að alls hafi veiðst sumarið 1997 8-10 smálaxar úr sleppingunum 1993. Hafa ber þó í huga að fá sýni liggja til grundvallar og því verður að taka niðurstöðunum með nokkrum fyrirvara. Búast hefði mátt við að einhverjir stórlaxanna hefðu getað átt uppruna sinn í sleppingunni frá 1993 einnig, en enginn slíkur greindist í þeim sýnum sem bárust.

Yfirgnæfandi meirihluti laxa sem eiga uppruna sinn í náttúruklaki hafa verið 4-5 ár í ánni áður en sjóþroska er náð, en þriggja ára ferskvatnsaldur þekkist einnig. Þessar niðurstöður eru í góðu samræmi við niðurstöður rafveiða sumarið 1995. Þó þá hafi ekki verið greind 4+ seiði er líklegt að slík seiði hafi verið innanum 3+ seiðin, en einungis hægvaxta 4+ seiði hafa þá verið eftir í ánni.

Ástand seiðastofna

Staðsetning rafveiðistaða er merkt inn á kort (Mynd 1). Af níu rafveiðistöðum eru tveir í Heydalsá og tveir í Laugu. Allir staðirnir eru á fiskgenga hluta kerfisins. Niðurstöður rafveiðanna eru teknar saman í Töflu 2 og Myndum 2 og 3.

Á efsta staðnum í Heydalsá, fyrir framan fossinn, var einungis að finna laxaseiði úr sleppingu 1995 og nokkur bleikjuseiði. Stærsta bleikjuseiðið, 17.3 cm, var 3+. Svo virðist sem bleikjan á þessum kafla sé staðbundin og að hvorki lax né bleikja gangi fram fyrir fossinn til hrygningar. Þarna er lítill stofn staðbundinnar bleiku, en svæðið má nýta með sleppingum laxaseiða. Hitafar er þó þannig að seiðin verða að vera vel stálpuð áður en þeim er sleppt til að þau þrífist vel við það hitafar sem þarna er. Stærstu laxaseiðin á þessum stað voru að ná sjóþroska, en þau minni fara væntanlega ekki til sjávar fyrr en sumarið 1998, þá eftir þriggja ára ferskvatnsdöl.

Á öllum öðrum stöðum voru þriggja ára seiði ríkjandi í veiðinni og víðast í töluverðum þéttleika (Tafla 2). Þau voru þó tiltölulega væn og álíka stór og þriggja ára seiði voru í veiðunum 1995, þótt þá hafi verið rafveitt um mánuði síðar. Þau seiði sem nú voru 3+ voru 1+ þegar rafveitt var 1995 og fundust þá hvorki í Heydalsá né Laugu, en voru allstaðar í umtalsverðu magni á veiðistöðum í Víkurá (staðir 5-9). Síðan hafa þessi seiði dreifst betur um ána og gengið upp að fossinum í Heydalsánni, sem er ekki fær fyrir seiði, og allt fram að Hrafnfossi í Laugu. Í þessum ám báðum er einnig að finna 2+ seiði, úr sleppingu 1995, og eitthvað af 4+ seiðum úr náttúruklaki, en erfitt er að draga skýr mörk þar á milli, án þess að aldursgreina hvert og eitt seiði sérstaklega.

Tafla 2. Fjöldi veiddra laxa- og bleikjuseiða í rafveiðum í Víkurá 21/7 1997.

Staður (nr)	Stærð (m)	Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m ²						
		Lax					Bleikja	
		1+	2+	2+ss	3+	4+	1+	2+/3+
1	50x6	-	-	1.7	-	-	0.7	0.3
2	55x7	-	-	1.0	9.4	-	0.5	0.5
3	70x2	-	-	4.3	22.1	-	4.3	2.9
4	50x5	-	-	-	9.2	2.0	3.2	0.4
5	35x10	15.7	0.3	-	3.4	0.6	0.6	-
6	45x9	0.2	0.5	-	10.6	-	0.5	0.2
7	35x13	-	0.2	-	7.5	-	0.7	0.4
8	35x10	1.7	0.3	-	5.4	-	-	-
9	40x8	-	0.6	-	3.4	-	-	-

Árgangur laxaseiða sem klaktist út sumarið 1995 (2+) fundust í mjög litlum mæli.

Sumarið 1995 var sérstaklega seint á ferðinni og eftir miðjan ágúst voru enn miklar fannir í Heydal. Því smærri sem laxaseiði eru, því ver farnast þeim í köldu umhverfi. Seiðin sem klóktust út 1995 hafa án efa verið mjög smá um haustið og afföll þar af leiðandi orðið mikil veturinn og vorið þar á eftir.

Svo virðist sem hrygning haustið 1995 hafi verið mjög lítil, þrátt fyrir góða veiði það sumar (98 laxar). Svo virðist sem klak hafi ekki komist á legg nema í efsta hluta Víkurár (staður 5). Seiðin dreifast mjög takmarkað niður ána og því fundust fá seiði neðar í ánni. Þau eiga þó að öllum líkindum eftir að dreifast upp að fossi í Heydalsá og fram að Hrafnfossi í Laugu á næstu 1-2 árum.


Þrátt fyrir nær algjöran skort á 2+ seiðum og takmarkaða útbreiðslu 1+ seiða í Víkurá er ekki ástæða til að grípa til liðsaukasleppinga að sinni. Þéttleiki þriggja ára seiða er nokkuð mikill og uppeldisskilyrði eru því tiltölulega vel nýtt. Gera má ráð fyrir að klakárgangurinn frá 1994 (3+) nái sjóþroska á árunum 1998 og 1999. Lítið þýðir að sleppa eldisseiðum þar sem náttúruleg seiði eru fyrir í einhverjum mæli, því við slíkar aðstæður er við búíð að afföll verði mikil. Því er ekki ráðlegt að skoða hvort þörf sé á liðsaukasleppingu í Víkurá

fyrir en sumarið 1999, en sleppinga gæti orðið þörf verði klakárgangurinn frá 1997 einnig lítill eða enginn.


Útbreiðsla og þéttleiki bleikju var nú mun minni en í rafveiðunum 1995, enda staða laxastofnsins mun sterkari nú en þá og búast má við góðri gönguseiðaframleiðslu 1998 og 1999 verði tíðarfar í meðallagi eða betra.

Þegar rafveitt var sumarið 1997 var lítið vatn í Laugu og á stað 3, sem er fyrir framan lítinn hliðarlæk (sem fellur í nokkuð djúpu gili í ána), var vart hægt að tala um að hún væri nema lítill lækur. Mér sýnist að Lauga verði svo lítil að vafasamt sé að borgi sig að sleppa í hana laxaseiðum fyrir framan Hrafnfoss. Þegar minnkar í ánni eru seiðin berskjölduð fyrir afráni, einkum á göngutímanum, en þau ganga ekki til sjávar fyrir en árnar fara að hlýna eftir vorleysingar, en þá minnkar rennsli oft ört og getur verið orðið lítið þegar seiðin ganga til sjávar.


Það mætti hins vegar nýta svæðið milli fossa í Heydalsá til sleppinga. Þetta er þó tiltölulega lítið svæði sem þarna er um að ræða, sem gerir tæplega stórt útslag í heildarframleiðslu gönguseiða. Nær væri að reyna að bæta búsvæði fyrir laxaseiði neðar í Víkurá þar sem botn er tiltölulega fingerður en straumur þó góður, eins og lýst var í skýrslunni um athuganirnar 1995. Verði hins vegar þörf á að sleppa seiðum neðar í árkerfinu er sjálfsagt að dreifa seiðum um leið á svæðið fyrir framan fossinn í Heydalsá.




Mynd 1. Yfirlitskort af Víkurá og þverám hennar, og staðsetning staða sem veitt var á í rafveiðunum 21. júlí 1997.



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða í rafveiðum í Víkurá 21. júlí 1998. Staðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1).



Mynd 2. frh. Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða í rafveiðum í Víkurá 21. júlí 1998. Staðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1).



Mynd 3. Lengdar- og aldursdreifing bleikjuseiða í rafveiðum í Víkurá 21. júlí 1997. Staðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1).